

Skrifstofa Alþingis – nefndasvið
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Akureyri 29. apríl 2021

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu – 705. mál

Skógræktinni barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026 og hefur yfirfarið hana með tilliti til málefna er varða skógrækt. Umsögn um viðauka við landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 var send til Skipulagsstofnunar í janúar sl.

Almennt má segja að landsskipulagsstefnan sé unnin með heildræna nálgun að leiðarljósi. Loftslagsmál ganga þvert á alla málaflokka og við fyrstu sýn virðast engir árekstrar vera á milli landsskipulagsstefnunnar og landsáætlunar í skógrækt en drög þeirrar síðarnefndu fara fljótlega í kynningu. Þvert á móti endurspeglar landsskipulagsstefnan þverfaglega sýn milli skógræktar og margra annarra málaflokka.

Samkvæmt lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019, þá ber Skógræktinni að gera Landsáætlun í skógrækt og Landshlutaáætlanir. Þær munu fjalla um áhrif skógræktar á atvinnuþróun og byggð, lýðheilsu (útivistarskóga) og einn af mikilvægustu þáttunum, þ.e. skógrækt í samhengi loftslagsbreytinga. Varla er hægt að minnast á skógrækt án þess að hugsa um landslag en lögun skóga að landslagi er einn mikilvægra þátta varðandi sátt um skógrækt. Það er því ljóst að L-in þrjú, *loftslag, lýðheilsa og landslag*, eru mikilvægir þættir varðandi skóga og skógrækt. Með hliðsjón af öðrum stefnum og áætlunum ríkis og sveitarfélaga er ljóst að skógrækt mun leika lykilhlutverk í tengslum við markmið um kolefnisbindingu stjórnvalda. Loftslagsmálin verða því áberandi í framtíðarsýn og stefnu um skógrækt.

Fram kemur í endurskoðaðri landsskipulagsstefnu að gert sé ráð fyrir að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði lagt mat á ástand lands með tilliti til kolefnisbúskapar. Loftslagsdeild Mógilsár, rannsóknarsviðs Skógræktarinnar, tekur þátt í gerð losunarbókhalds íslenska ríkisins en til þess að fá nákvæmari upplýsingar varðandi þá bindingu sem á stað í skógum hvers sveitarfélags þarf að gera úttekt fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig.

Skógræktin gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. Skógræktarinnar,

Hrefna Jóhannesdóttir

Hrefna Jóhannesdóttir,
skipulagsfulltrúi